

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að koma á formlegu samstarfi milli skóla- og frístundasviðs og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um að efla skólaheilsugæslu í grunnskólum borgarinnar. Í samstarfinu skal sérstaklega fjallað um skipulag og tilhögun skólaheilsugæslu í grunnskólum borgarinnar, samráð um innleiðingu laga um farsæld barna, heilsugæslu barna á leikskólaaldri, heilsuefningu og kynheilbrigði. Í samráðinu verði kallað eftir þátttöku fulltrúa ungmennaráða.

Greinargerð

Skóla- og frístundaráð hefur áður vakið athygli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á stöðu skólahjúkrunar í Reykjavík eftir ábendingar frá fulltrúum í Reykjavíkurráði ungmenna þar um. Vísbendingar eru um að fjölmargir skólar í Reykjavík uppfylli ekki viðmið um að 650 nemendur séu að baki hverju fullu stöðugildi skólahjúkrunarfræðings en dæmi eru um að ríflega þúsund nemendur séu að baki hverju stöðugildi og ljóst að mikilvægt er að grípa til aðgerða til að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar.

Í 41. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir: „Um skólaheilsugæslu í grunnskólum fer eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra.“ Vegna stærðar Reykjavíkur og fjölda grunnskóla er talið heppilegast að samráð fari fram miðlægt milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og skóla- og frístundasviðs í samráði við skólanefndir, skólastjóra, ungmennaráð og aðra hagaðila.